



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (flóttamenn), 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 271 – 242. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint lagafrumvarp til umsagnar.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og telur að það feli í sér mikla réttarbót fyrir þá einstaklinga sem undir það falla.

MRSÍ vill hins vegar koma því á framfæri að hingað til hefur það verið algengara að einstaklingum, sem sótt hafa um hæli á Íslandi, hafi verið veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum, sbr. 12. gr. f laga um útlendinga nr. 96/2002, frekar en að þeir teljist falla undir skilgreiningu á flóttamanni samkvæmt Flóttamannasáttmála Sp og ákvæðum laga um útlendinga. Hins vegar hafa aðstæður þessara einstaklinga þótt réttlæta veitingu dvalarleyfis af mannúðarástæðum, t.d. ef sýnt þykir að þeir hafi ríka þörf á vernd af heilbrigðisástæðum, vegna félagslegra aðstæðna eða annarra íþyngjandi aðstæðna. Má því ætla að þeir séu a.m.k. oft í þörf fyrir sömu eða hliðstæða aðstoð og veitt er flóttamönnum sem hingað koma. Af þeim sökum hvetur MRSÍ Alþingi til þess að skoða hvort ekki væri rétt að framangreindir einstaklingar öðlist sömu stöðu hvað sjúkratryggingar varðar og þeir sem fá stöðu flóttamanna hér á landi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur